

Tilkynningarskyld viðskipti til Seðlabanka Íslands

Samkvæmt reglum [Seðlabanka Íslands nr. 200/2017](#) um gjaldeyrismál er fjármálafyrirtækjum skylt að tilkynna gjaldeyrisviðskipti og tiltekna fjármagnshreyfingar á milli landa til Seðlabankans.

Framkvæmi viðskiptavinur greiðslur sem falla undir framangreinda tilkynningaskyldu getur viðkomandi átt von á því að starfsfólk Íslandsbanka hafi samband til þess að afla upplýsinga um undirliggjandi viðskipti ef þörf krefur vegna tilkynningar til Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 200/2017, um gjaldeyrismál, skal tilkynna Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna:

- Greiðslu vaxta, verðbóta, samningsbundinna afborgana og fyrirfram- og uppgreiðslu lánaskuldbindinga.
- Greiðslu arðs.
- Fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri.
- Inn- eða útflutnings verðbréfa.
- Innleggs á og úttektar af reikningum hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þ.m.t. með úttekt í reiðufé.
- Beinnar fjárfestingar erlendis, þ.m.t. langtímalánveitingar.
- Fasteignakaupa innlendra aðila erlendis.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglna nr. 200/2017 um gjaldeyrismál skal tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa skv. töluliðum 1 – 7, hér að ofan, send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um fjármagnshreyfinguna, gjaldeyrisviðskiptin eða fjárfestinguna, innan fimm virkra daga frá því að greiðsla á sér stað.

Ef greiðsla á sér stað án aðkomu innlends fjármálafyrirtækis skal greiðandi sjálfur annast tilkynningu til Seðlabankans.